

SFF-dagurinn 1.11.12

Leikreglur til framtíðar

Höskuldur H. Ólafsson

Fjármálageirinn er ein af grunnstoðum efnahagslífsins. Það er rétt að minna á þessa mikilvægu staðreynd reglulega. Kröftugt efnahagslíf þarfnast öflugs fjármálageira. Standi fjármálageirinn á veikri stoð bitnar það á getu hagkerfisins til þess að framleiða verðmæti úr bæði auðlindum og hugmyndum.

Án skilvirkrar greiðslumiðlunar innanlands og utan, greiðrar miðlunar fjármagns, umbreytingu sparnaðar í fjárfestingu og virkrar dreifingu áhættu getur nútímalegt hagkerfi ekki þrífist og skapað Íslendingum þau lífskjör sem þeir stefna að til frambúðar.

Þrátt fyrir mikil áföll þá stendur íslenski fjármálageirinn traustum fótum í dag eftir að hafa glímt við erfið úrlausnarefni á undanförunum árum. Það er óhætt að fullyrða að starfsfólk fjármálafyrirtækja hafi leyst þessi verkefni vel úr hendi. Um síðustu áramót störfuðu um 4550 manns hjá aðildarfélögum Samtaka fjármálafyrirtækja. Það er ekki síst þakka miklu framlagi þessara starfsmanna að tekist hefur að byggja upp fjármálageira sem í dag er vel í stakk búinn til þess að styðja við og fjármagna uppbyggingu efnahagslífsins til framtíðar.

Á undanförunum árum hefur farið fram endurskoðun á skipulagi fjármálamarkaðs hér á landi eins og víðar annarsstaðar í heiminum. Beggja vegna Atlantsála hafa verið lagðar fram tillögur um breytt regluverk og mörgum mikilvægum breytingum hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd. Á Íslandi hefur þetta endurskoðunarstarf meðal annars farið fram á vettvangi nefndar sem var skipuð valinkunnum sérfræðingum: Þeim Jóni Sigurðssyni sem er hér

með okkur í dag, Gavin Bingham og Kaarlo Jännäri. Nefndin, sem kennir sig við G3, lagði fram tillögur sínar að umbótum á íslenskum fjármálamarkaði á dögunum.

Því bera fagna, en kemur í sjálfu sér ekki á óvart, að tillögurnar byggja á því grunnstefi að regluverk íslensks fjármálamarkaðar eigi að vera sambærilegt við reglur í nágrannalöndunum og á meginlandi Evrópu. Tillögurnar taka mið af þeirri þróun sem hefur verið á regluverki fjármálamarkaða á hinu Evrópska efnahagssvæði og er það vel. Íslenskur fjármálamarkaður tilheyrir þrátt fyrir allt hinu Evrópska efnahagsvæði. Séríslensk afbrigði af lögum og reglum um fjármálageirann eru til þess eins fallin að grafa undan samkeppnishæfni hans og getu til þess að styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum og heimilum.

Það er rétt að hafa það hugfast að Ísland er hluti af umheiminum. Aðilar ganga fram og hvetja til þess að við beitum okkur fyrir opnara umhverfi og aðgengilegra. Þar er m.a. horft til fjármálageirans. Af sama toga er einnig umræða um að æskilegt sé að draga að erlent fjármagn og fjárfesta sem og að tryggja frekar grunn innlendra fjárfestingar sem er í sögulegum lægðum.

Þegar fjárfestar, hvort heldur innlendir eða erlendir, horfa til þátttöku í íslensku atvinnulífi þá gera menn eðlilega kröfu um að grunnþættir eins og stöðugleiki – fyrirsjáanleiki – skiljanleiki og pólitískt, lagalegt og réttarfarslegt öryggi séu til staðar. Það eru vissulega til áhættusæknir fjárfestar sem sérhæfa sig í aðstæðum þar sem þessum grunnþáttum er ekki fyrir að fara og tel ég okkur alls ekki vera að leitast við að skapa slíka umgjörð. Við viljum hafa umgjörðina þannig að við getum dregið að fjármagn og fjárfesta sem horfa til Íslands þeim augum að ekki þurfi að koma til ótæpilegar álögur til að mæta sérstökum

áhættuþáttum. Við viljum hafa umgjörðina sambærilega og í nágrannalöndunum.

Því miður hafa stjórnvöld á undanförnum árum, sumpart kosið að skapa fjármálageiranum umgjörð sem þekkist vart í nágrannalöndum okkar og á meginlandi Evrópu. Þetta hefur fyrst og fremst komið fram í skattastefnu stjórnvalda. Auk almennra skattahækkana hafa verið lagðir séríslenskir skattar á fjármálageirann.

Þetta hefur verið réttlætt með því að vísa til alþjóðaðröunar í þessa átt. Staðreynd málsins er hinsvegar sú að á vettvangi alþjóðasamstarfs á borð við G20 hafa menn velt upp ýmsum útfærslum á skattlagningu fjármálageirans með það að markmiði að finna eina skilvirka leið til að leggja álögur á geirann án þess að raska virkni hans. Íslensk stjórnvöld hafa nánast tekið allar þessar hugmyndir um skattlagningu og hrint þeim í framkvæmd. Þannig þurfa íslensk fjármálafyrirtæki að greiða bankaskatt, sérstakan tímabundinn skatt, fjársýsluskatt af launakostnaði og sérstakann fjársýsluskatt á hagnað yfir tiltekin mörk, allt til viðbótar við hefðbundinn 20% tekjuskatt lögaðila. Ótekjutengdar álögur hafa aukist gríðarlega á undanförnum árum. Þrátt fyrir að fjármálageirinn sé margfalt minni en hann var fyrir fimm árum skilar hann meiri tekjum í ríkissjóð í dag.

Því miður virðist ekkert lát vera á þeim einbeitta vilja stjórnvalda að hækka álögur á fjármálageirann og stundum er eins og þau líti á það sem markmið í sjálfu sér. Sú stefna byggir á skilningsleysi á því mikilvæga hlutverki sem fjármálageirinn gegnir í efnahagslífinu. Það blasir við að gegndarlausar hækkningar á ótekjutengdum gjöldum bitna á endanum á viðskiptavinum fjármálafyrirtækja og kalla á aukin vaxtamun milli inn- og útlána í tilfelli

innlánastofnanna. Það er þróun sem er ekki hagstæð atvinnulífinu og grefur undan getu þess til þess að byggja upp hagvöxt til lengri tíma.

Það skiptir sköpum að þegar kemur að mótun framtíðarskipulags íslensk fjármálamarkaðar að stjórnámamenn virði fyrir sér heildarmyndina. Þeir verða að gera sér grein fyrir að of miklar álögur á fjármálageirann hafa áhrif á hagkerfið í heild sinni. Þróun síðustu ára er sérstaklega varhugaverð í ljósi þess hve fjárfesting hefur verið lítil og skortur á henni í raun staðið hagvexti fyrir þrifum.

Það er þó rétt að halda því til haga að oft í ólgusjó hafa samskipti SFF við stjórnvöld verið vinsamleg og lausnarmiðuð.

Í vikunni gaf ráðgjafafyrirtækið McKinsey út skýrslu um íslenskt efnahagslíf. Þetta framtak McKinsey í samvinnu við Viðskiptaráð er jákvætt og skýrslan góður grunnur að vitrænum samtölum og nálgun mismunandi hagaðila.

Meðal annars er bent á þá staðreynd að auka þurfi fjárfestingu í landinu og skapa atvinnulífinu stöðugt og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi. Taka má undir þær ábendingar sem þar koma fram og ríma þær vel við þær áherslur sem SFF hefur haldið á lofti.

Mér sýndist snögg 2 – 3% af efni skýrslunar fjallaði um fjármálageirann en að sama skapi sýndist mér helmingur umfjöllunar strax í kjölfarið fjalla um þann kafla skýrslunnar. Okkar starfsumhverfi er áhugavert.

Hvað varðar fjármálageirann þá kemur fram í skýrslunni að framleiðni í fjármálaþjónustu er töluverð en að framleiðni vinnuafis sé samt talsvert undir því sem tíðkast á Norðurlöndunum. Helgast það af þeim fjölda starfsmanna

sem stuðst er við í útreikningum McKinsey, en samkvæmt þeirri skilgreiningu sem McKinsey notar starfa 7.900 manns á íslenskum fjármálamarkaði (m.v. 2009) og þyrfti þeim samkvæmt skýrslunni að fækka um tæplega helming til að vera af sambærilegri stærðargráðu og tíðkast á Norðurlöndunum.

Í þessu samhengi er rétt að draga fram eftirfarandi: Í tölum McKinsey er ekki eingöngu átt við starfsmenn banka og fjármálafyrirtækja en eins og ég nefndi í upphafi eru þeir 4550. Við áttum okkur ekki á þessum mikla mismun í tölum um starfsmannafjölda en það verður að skoða í framhaldi. Rétt er að taka það fram að samkvæmt skýrslu McKinsey þá er virðisauki hvers starfsmanns í fjármálageiranum mun meiri en að meðaltali en í öðrum geirum atvinnulífsins og það sama gildir jafnframt um arðsemi. Einnig er tekið fram í skýrslu McKinsey að tölvukerfi, greiðslumiðlun og bakvinnsla í íslenska bankakerfinu sé afar skilvirk og tæknivædd í samanburði við nágrannalöndin.

Þar með er ekki sagt að ekki séu tækifæri til hagræðingar í fjármálaþjónustu og íslenskar fjármálastofnanir hafa á undanförunum árum hagrætt verulega í starfsemi sinni. Útibúum hefur fækkað um tæplega helming á tíu árum, eða úr 194 í 115. Hlutfallslega er þetta mun meiri fækkun útibúa en á sama tímabili á hinum Norðurlöndunum.

Eins og áður sagði má vel taka undir það að fyrir okkur liggja talsverð sóknarfæri í að auka skilvirkni í fjármálakerfinu. Um það er ekkert deilt og er eitt af stóru verkefnum aðildarfyrirtækja okkar samtaka.

Í þessu sambandi skiptir þó stefnumörkun stjórnvalda og samkeppnisyfirvalda einnig máli en töluverður fjöldi starfsmanna og kostnaðar við fjármálaþjónustu má rekja til bakvinnslu og upplýsingatæknimála. Ef komið er í veg fyrir að bankar geti með skilvirkum hætti náð fram hagræðingu með því að sameinast um rekstur á þáttum sem snúa fyrst og fremst að kostnaði en ekki þjónustu við

viðskiptavini og framboð á fjármálaþjónustu þá mun það vitaskuld leiða til lægri framleiðni og hærri kostnaðar.

Kosningavetur er runninn upp og gera má ráð fyrir að í hita átaka á vettvangi stjórn mála muni einstaka stjórn málamenn og pólitískar fylkingar telja það sér til framdráttar að hnýta í fjármálafyrirtækin af ýmsu tilefni. Stundum bara til að „tjakka upp“ æskilega stemmningu.

Við getum ekki annað en vonað og treyst því að umræddir gangi fram að sanngirni og ábyrgð. Staðreynd málsins er sú að fjármálafyrirtækin hafa ekki færst undan lausn þeirra vandamála sem hafa verið uppi á síðustu árum. Í því samhengi er rétt að nefna að nefna að frá stofnun nýju bankanna hafa skuldir heimilanna verið færðar niður um 200 milljarða króna vegna sértækra úrræða og endurútreiknings gengistryggðra lána. Enn eru eftir fyrirsjáanlegar frekari niðurfærslur, bæði vegna gengislána og lána, sem eru til meðferðar hjá umboðsmanni skuldara. Lán fyrirtækja hafa alls verið færð niður um röska 1.100 milljarða króna og enn er talsverður fjöldi mála í vinnslu.

Hluti af niðurfærslum skulda heimila og fyrirtækja eru tilkomin vegna úrræða sem samið var um við stjórnvöld. Það samkomulag var gert í anda stefnu sem Samtök fjármálafyrirtækja fylgja og byggir á því að kjósa frekar samstarf en átök, en þau hafa því miður verið of fyrirferðamikil í samskiptum stjórnvalda og atvinnulífs á undanförunum árum. Það var einmitt í anda þessarar stefnu sem SFF nálgadist vinnu samtakana við leit að leið til afnáms gjaldeyrishaftanna. Sérfræðingar aðildarfélaganna kortlögðu vandann og mótuðu skynsamlega og raunhæfar tillögur að lausnum. Í stað þess að stíga fram opinberlega og boða hina endanlegu lausn þá kusu SFF frekar að kynna hana fyrir sérfræðingum úr stjórnkerfinu í þeirri von að hægt væri að móta sameiginlega afstöðu sem gæti

hraðað afnámi haftanna. Þessi vinna er enni í gangi með Seðlabankanum. Þetta er ágætt dæmi um hvernig er hægt að nálgast vandamálin með samvinnu í huga og þar með flýtt fyrir lausn á veigamiklum vandamálum sem glímt er við hverju sinni.

Ágætu fundarmenn. Ég held að flestir geti verið sammála um hvaða vandamál brýnast er að leysa þegar kemur að íslensku efnahagslífi:

- Það er nauðsynlegt að afnema gjaldeyrishöft án þess að raska stöðugleika hagkerfisins
- Það er nauðsynlegt að efla fjárfestingu og skjóta fleiri stoðum undir verðmætasköpun hagkerfisins
- Það er nauðsynlegt að stuðla að, og byggja upp nýsköpun og virkja það hugvit sem menntakerfið skapar

Öll þessi viðfangsefni eiga það sameiginlegt að þau verða ekki leyst án þess að öflugur fjármálageiri komi við sögu. Á þeim fjórum árum sem eru liðin frá því að fjármálakreppan skall á hefur miklu verið áorkað við endurreisn íslenska fjármálakerfisins. Þeirri endurreisn er að miklu leyti lokið og eftir stendur traust fjármálakerfi, sem er vel í stakk búið til að stuðla að og fjármagna uppbyggingu samfélagsins.

Það er ákaflega mikilvægt að stjórnvöld tryggi að fjármálafyrirtæki geti sinnt þessu mikilvæga hlutverki með því að skapa þeim sanngjarnt starfsumhverfi, sem grefur ekki undan heldur styður við þjónustu þeirra við heimilin og fyrirtækin í landinu.